



Frelsi og ábyrgð í kenningu Sartres

Eins og fram kom í nýlegri Lesbókargrein Geirs Svanssonar (25.6. '05) er hugsun Sartres sumpart sprottin úr jarðvegi síðari heimsstyrjaldarinnar, þar sem öll viðtekin gildi eru fótum troðin. Við stríðs- og umsátursástand eru einstaklingar líka óvenju oft knúnir til afstöðu og ákvarðana sem geta ráðið lyktum um líf og dauða. Á slíkum úrslitastundum

Eftir Vilhjálm Árnason
vilhjarn@hi.is

rekur einstaklingurinn sig á það, að mati Sartres, að hann hefur ekkert raunverulega til að reíða sig á, hann verður einfaldlega að velja í angist og órvæntingu og standa og falla með vali sínu.


Kenning Sartres er að það haldleysi tilverunnar sem afhjúpast á stundum sem þessum, þegar til úrslita dregur í lífi manns, sé í raun ekki undantekning heldur regla. Í reynslunni birtist það vissulega sem undantekning, en það er vegna þess að dagsdaglega dylja veggir venja og síða fyrir okkur þá staðreynd að allt hvílir á okkar eigin vali. Með greiningu á tilvistarkjörum mannsins má hins vegar leiða þessa staðreynd í ljós og það gerir Sartre með margvíslegum hætti í fyrri ritum sínum. Í því tilliti skiptir vitundarkenning hans mestu máli. Inntak hennar er að í raun er vitundin ekkert; hún beinist einungis að því sem er og tengist því í stöðugri neitun. Vitundin er því eins konar glufa í veruleikanum sem gerir það kleift að hlutirnir geta birst í merkingu sinni. Í vitundarathöfnum okkar erum við sífellt að bregðast við aðstæðum

okkar og gefa þeim gildi og mikilvægi. Þar með losar vitundin okkur jafnan úr viðjum þess sem er, yfirstígur það með því að áforma sig í möguleikum. Þetta hefur Sartre til marks um að vitundin sé frelsi.

Staðveran og handanveran

Öll áform mín myndast við aðstæður sem ég er í hverju sinni. Aðstæðurnar eru ofnar úr tveimur þáttum sem Sartre kallar staðveru (facticité) og handanveru

(transcendence). Staðveran er heild þeirra staðreynda sem einkenna hlutskipti mitt, svo sem líkami minn og erfðir, fjölskylda mín og sú menning sem ég fæðist inn í. Staðveran er því þau spil sem ég hef fengið á höndina gefin ef svo má segja. Handanveran er aftur á móti það hvornig ég spila úr þeim, hvað ég geri úr mér á grundvelli þessara staðreynda. Líf hvers einstaklings einkennist ekki síst af því hvornig hann vinnur úr sínum efnivið, hvaða vægi hann gefur hlutskipti sínu og hvornig hann



Vilhjálmur Árnason

nýtir sér möguleikann á að breyta því. Það er lyklatríði í kenningu Sartres að hann telur enga leið að segja fyrir um hvornig einstaklingur reidir af í ljósi einhverra staðreynda, svo sem að hann sé líkamlega fatlaður. Menn bregðast á ólíkan hátt við slíkum staðreyndum og skapa sér hlutskipti sitt að því leyti til.

Í þessu samhengi vakna spurningar af siðferðilegum toga: geri ég mér grein fyrir því að með því að bregðast við aðstæðum mínum, þá er ég að ákveða gildi þeirra og að ég ber ábyrgð á þeim ákvörðunum? Með öðrum orðum: axla

Existensíalistinn í kennarastólnum

Fyrstu kynni mín af Jean-Paul Sartre og hugmyndum hans voru af lestri fyrirlestursins *Tilverustefnan er mannhbyggja* sem Sartre flutti í París í október 1945. Í þessum fyrirlestri útskýrir Sartre grunnhugmyndir tilvistarstefnunnar eða existensíalistans svokallaða. Þar kemur meðal annars fram að maðurinn að mati Sartres er dæmduur til frelsis og ábyrgðar á eigin lífi og er sífellt að áforma líf sitt.

Það sem helst vakti athygli mína við lestur textans í fyrstu var frásögn Sartres af nemanda nokkrum sem leitaði til hans í vanda. Þetta var á dögum seinni heimsstyrjaldarinnar og þurfti nemandinn að taka erfiða ákvörðun. Hann þurfti að velja á milli tveggja ólíkra lífskosta. Annar kosturinn var sá að fara og berjast með andspyrnuhreyfingunni gegn Þjóðverjum til þess að freista þess að frelsa fjöðurlandið. Hinn kosturinn var sá að vera um kyrrt hjá einstæðri móður sinni henni til stuðnings í lífinu. Hér togduðust á hagsmunir heildarinnar annarsvegar þar sem hann legði eitthvað af mörkum fyrir þjóð sína og hinsvegar stuðningurinn við móður sína sem hafði verið svikin af föður hans og hafði einnig misst eldri son sinn sem drepinn hafði verið af Þjóðverjum.

Hvað gat hann tekið til bragðs? Eins og títt er með nemendum leitaði hann til

kennara síns Jean-Paul Sartre í þeirri von að mega fá ráð í vanda sínum. Svar Sartres var stutt og hnitmiðað: „Þú ert frjáls, veldu þ.e.a.s. finndu einhver úrræði.“ Svo mörg voru þau orð.

Kennarinn Jean-Paul Sartre

Sartre þótti allsérstæður kennari samkvæmt því sem haft er eftir fyrrverandi nemendum hans. Hann var óformlegur í fasi og framkomu ólíkt því sem tíðkaðist á þeim tíma. Hann reyndist vinalegur, sat oftast í stól við kennslu sína og ræddi

við nemendum án fyrirlestra- blaða rétt eins og jafningjar og félagar tala saman. „... við höfðum aldrei séð neitt í líkingu við þetta,“ er haft eftir einum nemanda hans. Sartre lagði ríka áherslu á að nemendur væru ábyrgir og gagnrýnir í hugsun, bæði gagnvart sjálfum sér og eigin skoðunum og hinum ytri veruleika. Hann þótti afskaplega afslappaður gagnvart reglum og hefðum skólans. Hann hélt ekki utan um viðveru nemenda, beitti engum refsingum og hvatti þá ekkert sérstaklega til þess að



Jóhann Björnsson

taka niður glósur í kennslustundum né heldur lagði hann áherslu á próf og einunnir. Einnig fylgir það sögunni í endurminningum nemenda hans að í kennslustofunni mátti reykja og þegar tók að vora urðu menn allfrjálslegir og fóru úr jökkum og losuðu bindi. Það hefur því ekki þótt undarlegt að Sartre fékk stundum viðurnefnið „anarkistinn“ eða eins og einn nemenda hans komst að orði þegar rætt var um Sartre: „Þetta er